

Fundargerð

Fyrsti fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps 2018/19 þriðjudaginn 23. okt. 2018 kl. 17.20.

Mættir: Anna Marý Karlsdóttir, Mathias Bragi Ölvisson, Birgir Janus Kuc, Nói Mar Jónsson, Una Bóel Jónsdóttir, Brynja Sólveig Pálsdóttir. Auk Halldóru Hjörleifsdóttur og Maju Vilstrup.

1. Maja og Halldóra kynna í stuttu máli samþykkt Ungmennaráðs. Halldóra bendir á hvar má finna frekari gögn á heimasíðu sveitarfélagsins og afhendir möppu með gögnum. Rætt um að fá fyrirlestur um fundarsköp o.fl. Mögulega í samstarfi við önnur ungmennaráð í sveitarfélögum í kring.
2. Farið yfir hlutverk formanns samkvæmt samþykktum. Nói býður sig fram til formanns, Mathias til varaformanns og Una til ritara. Þau hlutu öll einróma kosningu.
3. Mathias Bragi, Brynja Sólveig og Una Bóel eru áhugasöm um að mæta á málþingið. Maja sér um skráningu.
4. Halldóra kynnir verkefnið Heilsueflandi Samfélag. Starfsmaður verkefnisins mun kynna það betur með ungmennaráð og er ætlast til að ungmennaráðið hafi verkefnið að leiðarljósi í starfi sínu.
5. Rætt um samþykktir ungmennaráðs. Rætt um margvíslegar breytingar, litlar og stærri. Td. um skipan í ráðið, dagsetningar, greiðsluþóknun o.fl. Ungmennaráðið er sammála um að leggja til að verði greitt fyrir fundarsetu í ungmennaráði eins og í öðrum nefndum sveitarfélagsins. Aðrar breytingar verða skoðaðar nánar á næsta fundi.
6. Önnur mál:
Nói kynnir hugmynd um að halda þing fyrir börn og ungmenni í uppsveitunum innan 2ja ára. Allt ungmennaráðið tekur undir þetta og hefur áhuga á að starfa meira með öðrum ungmennaráðum. Samþykkt er að stefna á að hitta hin ungmennaráðin í janúar og halda þingið jafnvel í apríl nk.
Mathias spyr Halldóru oddvita hvort Hrunamannahreppur hafi íhugað að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Halldóra biður Mathias um að kynna það nánar. Ungmennaráðið vill leggja áherslu á vitundarvakningu um hnattræna hlýnun. Rætt um frekari flokkun, sér í lagi á plasti, og draga úr plastnotkun.
Rætt um að bæta þjónustu í Flúðaskóla hvað varðar aðgengi að sálfræðingi, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi o.fl.

Næsti fundur verður haldinn þrið. 13. nóvember kl. 18.00 á veitingastað.

Fundi slitið kl. 18.50.